DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

SVANSMERKIÐ Prentgripur 1041 0858

Nr. 2565 Síðan 1968 52. árgangur

Miðvikudagur 23. september 2020

dfs@dfs.is – vefútgáfa: dfs.is
Sími 482 1944 · Eyravegi 25 · 800 Selfoss

Oddur Árnason, yfirlögregluþjónn hjá Lögreglunni á Suðurlandi, Þorkell Ágústsson, forstöðumaður Rannsóknarnefndar samgönguslysa, Kjartan Þorkelsson, lögreglustjóri á Suðurlandi, og Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, við undirritun samnings um endurnýjun búnaðar í Bíltæknimiðstöðinni á Selfossi.

Samið um fimm milljóna framlag til að endurnýja búnað til bíltæknirannsókna

Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, undirritaði í morgun samning um fimm milljóna króna framlag til að endurnýja mikilvægan búnað í Bíltæknimiðstöðinni, rannsóknarsetri vegna alvarlegra umferðarslysa á Selfossi. Lögreglan á Suðurlandi hefur starfrækt miðstöðina frá árinu 2009 en á hverju ári eru 20-40 ökutæki tekin þar til rannsóknar. Þorkell Ágústsson, forstöðumaður Rannsóknarnefndar samgönguslysa, og Kjartan Þorkelsson, lögreglustjóri á Suðurlandi, undirrituðu einnig samninginn.

Endurnýjun tækjabúnaðar í Bíltæknimiðstöðinni er nauðsynleg til þess að rannsóknir miðstöðvarinnar byggist á bestu tækni. Frá því að miðstöðinni var komið á laggirnar á Selfossi árið 2009 hafa tækniframfarir í bílaiðnaði verið hraðar.

„Rannsóknir á vegum Bíltæknimiðstöðvarinnar hafa reynst þýðingarmiklar og nýst vel í þágu umferðaröryggis. Niðurstöður þeirra eru aðgengilegar Rannsóknarnefnd samgönguslysa og nýtast við rannsókn slysa á þeirra vegum. Ýmsar tillögur rannsóknarnefndarinnar í öryggisátt hafa átt uppruna sinn í rannsóknum í miðstöðinni. Þá hafa þær einnig nýst til að forgangsraða framkvæmdum á hættulegum stöðum í vegakerfinu og umhverfi þess," segir Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.

Við rannsóknir og greiningu á orsökum umferðarslyss eru fyrst og fremst kannaðir þrír meginþættir sem hver um sig getur valdið slysi. Í fyrsta lagi ástand ökumanns og þau mannlegu mistök sem geta valdið slysi. Í annan stað ástand og umhverfi vegar sem og áhrif þess á aðdraganda slyss og loks ástand ökutækisins sjálfs en þær rannsóknir fara fram í Bíltæknimiðstöðinni.

Kostnaður við rannsóknirnar sjálfar og daglegur rekstur Bíltæknimiðstöðvarinnar er fjármagnaður af lögreglu og málskostnaðarsjóði. Tækjabúnaður hefur á hinn bóginn verið fjármagnaður með öðrum framlögum, t.a.m. frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu í þágu starfsemi Rannsóknarnefndar samgönguslysa.

Rekstarland í nýju og rúmgóðu húsnæði

Rekstrarland opnaði nýverið verslunina í nýju og rúmgóðu húsnæði við Austurveg 69 á Selfossi, en áður var verslunin staðsett við Arnberg. „Við fluttum okkur frá Arnbergi hingað á Austurveginn í nýtt og betra húsnæði. Við erum að leggja lokahönd á að koma okkur fyrir," segir Hörður Reynisson útibússtjóri Olís á Suðurlandi.

Vöruúrvalið aukið

„Við erum að auka hjá okkur vöruúrval. Pappírslagerinn er kominn hér á bakvið þannig að það er meira rými frammi í versluninni fyrir aðrar vörur. Svo ef það er eitthvað er alltaf hægt að sérpanta það sem fólk vanhagar um. Það tekur einn til tvo daga í mesta lagi," segir Hörður. Þegar blaðamann bar að garði voru góð tilboð og margt fólk að gera góð kaup. „Þessa daga sem við erum búnir að vera með opið á nýjum stað hefur verið mikið að gera. Það streymir fólk og við erum afskaplega þakklát fyrir góðar viðtökur."

Verslunin bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki

„Við erum að þjónusta bæði fyrirtæki og einstaklinga. Meðal þess sem við erum með eru landbúnaðarvörur, heilbrigðisvörur, hreinsiefni, bílavörur og fleira og fleira. Þá erum við með Nilfisk ryksugurnar sem margir kannast við," segir Hörður. Fyrir innan verslunina er stór lager með ýmsum vörum og öllu haganlega fyrir komið. „Við erum með fastar ferðir hér um Suðurlandið þar sem vörunum er ekið til þeirra fyrirtækja sem eru í viðskiptum við okkur. Allt frá uppsveitunum og út í Vík og Skaftárhrepp. Þú ferð bara á listann og við keyrum heim að dyrum í hverri viku," segir Hörður að lokum. *-gpp*

DFS.IS
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS
Hafðu samband
Sími 482 1944
dfs@dfs.is

UNDRALAGNIR
ÖLL ALMENN PÍPULAGNINGAÞJÓNSTA
SÍMI 8484768
UNDRALAGNIR@GMAIL.COM
JÓN KARL LINDAL PÍPULAGNINGAMEISTARI

Síðasta saumsporið tekið í Njálurefilinn

Það var nú ekki laust við að það sæjust tár í augum nokkurra viðstaddra í Refilstofunni þegar tekið var síðasta saumsporið í Njálurefilinn og reflinum síðan rúllað upp. Að endingu varð refillinn 91,1 metri að lengd. Eftir sjö ár og sjö mánuði er þetta mikla listaverk því klárt en það var Vilborg Arna Gissurardóttir, pólfari, sem tók fyrsta saumsporið í refilinn þann 2. febrúar 2013. Síðan þá hafa sporin verið mörg og fólk frá öllum heimshornum komið við í Refilstofunni, bæði til að skoða þetta merka verk en einnig til að að taka nokkur spor og geta því margir leitað að sínu spori þegar refillinn verður búinn að fá fastan sýningarstað.

Það voru þær Gunnhildur E. Kristjánsdóttir og Christina M. Bengtson sem fóru af stað með verkefnið og áætluðu að vera um 10 ár að sauma. Tíminn var nú heldur styttri þar sem áhuginn var mikill og sérstaklega í heimabyggð. Í Refilstofunni myndaðist góður hópur sem saumaði í refilinn og naut samverunnar og því tók vinnan ekki eins langan tíma og áætlað var í fyrstu. Kristín Ragna Gunnarsdóttir, listamaður, er hönnuður verksins og var hún að sjálfsögðu viðstödd þegar síðustu metrunum var rúllað upp. *-gpp*

ALLAR PIZZUR AF MATSEÐLI Á 1.590 KR. EF ÞÚ SÆKIR, 21.–27. SEPTEMBER 2020

DOMINOS.IS | 58 12345 | DOMINO'S APP

Auglýst er eftir umsóknum í Uppbyggingarsjóð Suðurlands

Menningarverkefni

Bætt **menning, velferð** og **samstarf** svo lífsgæði eflist og mannlíf á Suðurlandi blómstri

Atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni

Öflugt atvinnulíf á Suðurlandi með aukinni **nýsköpun**, bættri **framleiðni** og fleiri fyrirtækjum

Kynnið ykkur **áherslur** og **úthlutunarreglur** sjóðsins á *www.sass.is*

UMSÓKNARFRESTUR RENNUR ÚT
ÞRIÐJUDAGINN 6. OKTÓBER, KL. 16:00

RÁÐGJÖF UM ALLT SUÐURLAND
Ráðgjafar eru á starfsstöðvum um allt Suðurland. Umsækjendur eru hvattir til hafa samband við ráðgjafa á vegum SASS og fá aðstoð við gerð umsókna.

STYRKIR@SASS.IS S. 480-8200 WWW.SASS.IS

Uppbyggingarsjóður er hluti af
SÓKNARÁÆTLUN SUÐURLANDS

SASS
SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Evrópulerkifrægarðurinn nýi í landi Tungu við Tumastaði í Fljótshlíð. Ljósmynd: Hrafn Óskarsson.

Fræ af íslensku evrópulerki eftir 10-15 ár

Evrópulerki var gróðursett í sumar í nýjan frægarð í landi Tungu við Tumastaði í Fljótshlíð. Í reitnum eru 90 ágrædd tré af 39 klónum evrópulerkis. Með hlýnandi veðurfari gæti evrópulerki orðið hentug tegund til skógræktar á vissum svæðum hérlendis. Fyrstu fræin úr frægarðinum gætu þroskast eftir 10-15 ár.

Uppistaða trjánna í frægarðinum nýja er af kvæmum úr Alpafjöllunum í Sviss ásamt efniviði sem kenndur er við Sandvika í Noregi. Að auki var notaður evrópulerkiklónn sem ber númerið 8 í frræræktarhúsi Skógræktarinnar í Vaglaskógi þar sem fram fer ræktun á lerkiblendingnum Hrymi. Blendingur sá er afkvæmi úrvalstrjáa rússalerkis og evrópulerkis og klónn númer 8 hefur reynst ein besta ættmóðirin í þeirri ræktun. Klónarnir í frægarðinn voru valdir úr stórri kvæmatilraun með evrópulerkikvæmum frá 1996-1998, sem Þórarinn Benedikz skógfræðingur stóð fyrir. Tilraunirnar, þar sem úrvalið fór fram, voru gerðar í Holtsdal á Síðu, á Vöglum Þelamörk og í Höfða á Héraði. Í frægarðinum er því úrvalsefni af evrópulerkitrjám sem þegar hefur fengist reynsla af á Íslandi. Með hlýnandi loftslagi stækkar það landsvæði á Íslandi sem hentar fyrir evrópulerki á kostnað þess sem hentar fyrir rússalerki. Því er vert að gera tímanlega tilraunir með þann efnivið evrópulerkis sem kann að reynast best hérlendis. Þess er vænst að evrópulerkifrægarðurinn við Tumastaði fari að bera fræ eftir 10-15 ár. Honum er ætlað að mæta eftirspurn framtíðarinnar fyrir fræ af þessum tegundum í íslenskri skógrækt. Spennandi verður að sjá hvernig frægarðurinn þroskast.

Líklegustu notkunarsvæði evrópulerkis hérlendis eru á Suðausturlandi þar sem sumrin eru sérlega löng og veturnir mildir en umhleypingasamir. Evrópulerki þolir umhleypinga betur en rússalerki en þarf talsvert mildara loftslag til að vaxa vel og verða að verðmætu skógartré. Brynjar Skúlason, trjáerfðafræðingur og sérfræðingur á rannsóknasviði Skógræktarinnar, stýrir þessu kynbótastarfi á evrópulerki.

Ágrædd evrópulerkiplanta komin í jörð í frægarðinum nýja. Efniviðurinn er ættaður úr Ölpunum, frá Noregi og úr frræræktarhúsinu á Vöglum í Fnjóskadal.

Ljósmynd: Hrafn Óskarsson.

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Dagskráin, Eyravegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dagskrain@prentmet.is.
Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gpp@prentmetoddi.is.
Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, skh@prentmetoddi.is

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyravegi 25, Selfossi, fyrir hádegi á mánudögum. Upplag: 8700 eintök. Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X
Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858

Vísnagátur-höf. Ármann Dalmannsson - Útg. Bókaútgáfan SKRUDDA

Gáta vikunnar

Yfir mönnum er ég heima og á þingum.
Allan hnöttinn er ég kringum.
Ég er líka í Þingeyingum.

Svar við gátu í blaði 2564: FÖLL.
1. lína: Menn detta/falla - 2. lína: Sauðaföll
3. lína: Lykkjuföll

Sunnlenski matgæðingurinn

Matgæðingar vikunnar eru **Fanney Magnúsdóttir og Guðjón S. Jónsson.**

Góðan dag!
Guðmundur Arnarson útnefndi okkur hjónin sem matgæðinga vikunnar og þökkum við honum fyrir það.

Uppskriftin sem hér fylgir er vinsæl á þessu heimili.

Lambalundir / ærlundir í rjómasósu

Lundirnar eru steiktar hæfilega á pönnu, kryddaðar með salti og pipar. Blandið saman rjóma og piparosti og látið ostinn bráðna í rjómanum. Hellið yfir lundirnar.

Meðlæti

Afréttarostasalat:
Nokkrir bitar af ostum t.d. Dalabrie, Höfðingi, Kastali og Camembert, smátt skorin rauð paprika, fínt saxaður rauðlaukur, vínber skorin í tvennt og majones.

Sultaður rauðlaukur.

Bakaðar sætar kartöflur:
Skera þær í ca. 6 bita, hvítlaukur (ferskur), smjör og balsamic edik. Gott að setja í eldfast mót og álpappír yfir, baka í ca. 1 klst.

Eftirréttur

Skyr og íslensk bláber.

Skorum á Sigurð Kristin Guðbjörnsson glermeistara Glerverksmiðjunnar Samverks á Hellu.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Enduro fyrir alla lukkast vel

Laugardaginn 12. september var keppnin *Enduro fyrir alla* haldin í annað skipti, í þetta sinn að Hellum, Landsveit, Rangárþingi ytra.

Keppnin snýst um að keppendur á svokölluðum Enduro-mótorhjólum ljúki samtals 80 km torfærubraut á sem stystum tíma. Það gefur augaleið að þetta er ekki auðvelt verk, þar sem þetta reynir ekki bara á færni ökumanna undir stýri, heldur þol og styrk þeirra ásamt áreiðanleika mótorhjólsins.

Þegar keppnin hefst standa allir keppendur 10 metrum frá sínu hjóli. Svo er ræst og þá taka þeir á sprett að hjólunum, setja þau í gang og bruna af stað í einni kös gegnum flöskuháls sem leiðir þá að lokum inn á braut. Þegar keppni er hafin kemst fljótt taktur á hana þannig að það líða aðeins nokkrar sekúndur milli þess sem nýr keppandi kemur brunandi í gegnum tímatökuhliðið. Þar geta áhorfendur svo stillt sér upp og hvatt keppendur áfram. Hasarinn getur orðið mikill og er þetta því mikið sjónarspil fyrir unga sem aldna.

Fyrsta umferð ársins var haldin 15. ágúst á Jaðri þar sem 65 keppendur hófu keppni. Önnur umferð var haldin 12. september síðastliðinn með 117 keppendur. Áhugi á Enduro-íþróttinni hefur aukist töluvert í sumar og þess má geta að yfir helmingur keppenda hafa aldrei keppt áður í íþróttinni. Aðstandendur *Enduro fyrir alla* eru því mjög bjartsýnir á framtíð íþróttarinnar.

Við trúum á góðar hugmyndir
Íslandsbanki vill vera hreyfiafl til góðra verka í samfélaginu. Í október verða veittir styrkir úr Frumkvöðlasjóði Íslandsbanka til verkefna sem styðja við þau fjögur heimsmarkmið sem Íslandsbanki leggur sérstaka áherslu á:
4 MENNTUN FYRIR ALLA
5 JAFNRÉTTI KYNJANNA
9 NÝSKÖPUN OG UPPBYGGING
13 AÐGERÐIR Í LOFTSLAGSMÁLUM
Alls verða um 10 styrkir veittir og nema þeir frá 1-5 milljónum króna á hvert verkefni.
Umsóknarfrestur er til og með 11. október 2020.
Umsóknareyðublöð og allar nánari upplýsingar má finna á islandsbanki.is/frumkvodlasjodur

Lóðarhreinsun á Gagnheiði 21

Vegna tilmæla frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands er hér með skorað á alla þá sem eiga hluti, rusl eða annan búnað á lóðinni Gagnheiði 21, 800 Selfoss að fjarlægja þá fyrir 1. okt. nk.

Að öðrum kosti verða þeir fjarlægðir og fargað á viðeigandi hátt.

F.h. lóðareiganda að Gagnheiði 21,
Bent Larsen

Nú er þörfin mikil

Fréttatikynning frá Sjóðnum góða 2020.

Sjóðurinn góði veitti styrki úr sjóðnum í desember 2019 að upphæð 6.260.000 kr. Sjóðurinn var stofnaður 2008 í kjölfar bankahrunsins. Hann er samstarfverkefni Lionsklúbba, kvenfélaga, kirkjusókna, félagsþjónustunnar í Árnessýslu og deilda Rauða krossins í Árnessýslu. Hlutverk Sjóðsins góða er að styrkja einstaklinga og fjölskyldur sem standa höllum fæti og eiga ekki fyrir nauðþurftum fyrir jólin.

Gjafir til Sjóðsins góða berast frá einstaklingum, félagasamtökum, stofnunum og verslunum bæði í formi peninga og jólagjafa. Þetta árið bárust okkur bíómiðar frá Selfossbíói og einnig gaf veitingastaðurinn Krisp veglega matargjöf. Tölvubúnaður sem notaður er við umsóknir og úthlutanir hefur Tölvu- og rafeindaþjónustan, TRS lánað okkur án endurgjalds í nokkur ár. Einnig má nefna húsnæði og veitingar að ógleymdri mikilli sjálfboðavinnu.

Starfshóp skipa fulltrúar áðurnefndra aðila og Hjálparstofnun kirkjunnar skipuleggja umsóknarferlið og annast úthlutun. Stuðst er við viðmið Hjálparstofnunar kirkjunnar varðandi mat á umsóknum.

Úthlutað er í desember úr sjóðnum vegna undirbúnings jólanna og á vormánuðum vegna ferminga. Allar umsóknir eru trúnaðarmál.

Í desember 2019 var úthlutað úr sjóðnum til 178 fjölskyldna og einstaklinga samtals 6.260.000 kr. ásamt gjöfum frá ýmsum aðilum. Jólatré voru staðsett í Hveragerði og á Selfossi og hægt var að setja pakka þar undir til gjafa.

Í ljósi ástandsins í þjóðfélaginu má reikna með fleiri umsóknum þetta árið .

Fyrirtæki, félagasamtök og einstaklingar sem vilja styrkja Sjóðinn góða geta lagt inn á bankareikning 325-13-301169 kt. 560269-2269. Úthlutnardagar verða auglýstir síðar.

Starfshópur Sjóðsins góða þakkar öllum þeim aðilum sem styrkt hafa sjóðinn á síðasta ári.

Bekkur úr sunnlenskum reyniviði

Á föstudaginn var barst Skógasafni góð gjöf, bekkur smíðaður úr reyniviði frá Múlakoti í Fljótshlíð. Gjöfin var frá sjálfseignarstofnuninni Gamla bænum í Múlakoti og Skúla Jónssyni fyrrum bónda í Þykkvabæ í Landbroti sem smíðaði bekkinn. Reyniviðurinn sem notaður var er af annarri kynslóð reyniviðartrjáa sem Guðbjörg Þorleifsdóttir gróðursetti upphaflega í garðinum í Múlakoti. Bekkurinn mun sóma sér vel í Skógasafni um ókomin ár.

Andri Guðmundsson
forstöðumaður Skógasafns

Bekkurinn góði og stjórn Gamla bæjarins í Múlakoti ásamt Skúla Jónssyni smiði. Frá vinstri Andri Guðmundsson, Stefán Guðbergsson, Skúli Jónsson, Anton Kári Halldórsson og með honum Héðinn Bjarni Antonsson.

Umhverfisráðherra heimsótti Hvolsskóla á Degi íslenskrar náttúru

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, kynnti sér skapandi starf grunnskólabarna í Hvolsskóla á *degi íslenskrar náttúru*. Ungt fólk lætur umhverfismál sig varða í sívaxandi mæli og í dag nutu grunnskólabörn víða um land útiveru og nýttu sér náttúruna til listsköpunar. Guðmundur heimsótti nemendur 1., 3. og 4. bekkjar í Hvolsskóla á Hvolsvelli í morgun og fylgdist með börnunum móta úr merki skólans og einkennisorðin: *Gleði, virðing, vinátta,* úr laufum og greinum og ýmsu sem hægt var að finna á skólalóðinni. „Það var virkilega gaman að hitta krakkana í Hvolsskóla og taka þátt í listsköpun úr efniviði íslenskrar náttúru. Mikilvægi menntunar til sjálfbærni verður seint ofmetið og jákvæð áhrif þess út í samfélagið til lengri og skemmri tíma. Við þurfum að standa vörð um þessi gildi hér eftir sem hingað til," sagði Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra.

Dagur íslenskrar náttúru er haldinn hátíðlegur 16. september ár hvert og hafa skólar haldið daginn hátíðlegan með þátttöku í verkefninu „Náttúran í nærumhverfinu". Verkefnið felur í sér að nemendur eru hvattir til að nota náttúruna sem innblástur til listrænnar sköpunar og er það útfært sérstaklega fyrir hvert aldursstig. Verkefnin er hægt að vinna jafnt á skólalóð, sem og í næsta umhverfi og taka þau með af ólíkri getu og úthaldi nemenda.

Leikskólinn Krakkaborg flaggar Grænfánanum í annað sinn

Leikskólinn Krakkaborg í Flóahreppi er þátttakandi í verkefninu *Skólar á grænni grein* sem er alþjóðlegt umhverfismenntarverkefni sem rekið er af Landvernd á Íslandi. Markmið verkefnisins er að auka umhverfismennt, menntun til sjálfbærni og að styrkja umhverfisstefnur skóla. Þann 10. september flaggaði leikskólinn Grænfánanum í annað sinn á uppskeruhátíð leikskólans. Nemendur hafa unnið fjölbreytt verkefni til að ná þeim markmiðum sem þarf til þess að fá að flagga Grænfánanum. Má þar nefna þátttöku í *Gullunum í grenndinni* sem er samstarfs- og þróunarverkefni Flóaskóla og Krakkaborgar. Verkefnið fékk úthlutað styrk frá Sprotasjóði árið 2019. Markmið verkefnisins er að nemendur stuðli að aukinni kolefnisbindingu úr andrúmslofti með því að efla skógrækt í skóginum Skagás og hefjast handa við að byggja upp skóg við Flóaskóla. Leikskólinn var þátttakandi í verkefninu *Erasmus+ Hob´s Adventure,* sem er samstarfsverkefni leik- og grunnskóla í Lettlandi, Eistlandi og Slóveníu. Nemendur unnu verkefni sem nefnist Trjátegundir á Íslandi við landnám og áhrif skóga á kolefnisbindingu úr andrúmslofti. „Oft verður tré til af litlu fræi". Nemendur tíndu furuköngla og birkifræ og upplifðu hvernig fræ verður að tré.

Leikskólinn var í skemmtilegu samstarfi við Þingborg, ullarvinnslu. Börnin lituðu lopa úr jurtum sem þau tíndu í nágrenni leikskólans undir góðri handleiðslu Þingborgarkvenna. Skógarferðir eru fastur liður í dagskipulagi leikskólans og fara þrír elstu árgangar leikskólans í skipulagðar skógarferðir þar sem áherslan er á að nemendur upplifi náttúruna á eigin forsendum bæði í leik og starfi. Áhersla hefur verið lögð á ræktun grænmetis undanfarin tvö ár og hafa nemendur ræktað kartöflur, gulrætur, grænkál, rófur svo eitthvað sé nefnt. Nemendur hafa unnið ýmis matvæli úr því sem þau hafa ræktað, auk þess hafa þau gert sýróp úr greninálum, þurrkað birki- og myntulauf sem þau hafa notað sem krydd í vöfflur og brauð. Á uppskeruhátíðinni var öllu tjaldað til og var foreldrum boðið til veislu. Í fyrsta sinn var haldinn plöntuskiptimarkaður þar sem

foreldrar áttu kost á að fá plöntur sem nemendur höfðu ræktað af fræjum, s.s. tómatplöntur, paprikuplöntur og skrautblóm, sem og koma með plöntur á markaðinn. Hátíðin var haldin utandyra og að sjálfsögðu hugað að sótthreinsun og fjarlægðarmörkum. Má með sanni segja að hátíðin hafi einkennst af stolti og gleði.

Nemendur og starfsfólk
leikskólans Krakkaborgar.

Hildur – létt og leikandi

Uppskrift vikunnar er prjónuð ur Bamboo-jazz en það er dásamleg blanda af bómull og bambus, létt og lipurt með örlitlum gljáa og hentar mjög vel í peysur sem ekki eiga að vera allt of hlýjar en samt áferðarfallegar. Garnið fæst í fjölda fallegra lita og það má þvo í vél.

Stærðir: S-M-L
Áhöld: 7-8-9 dk Bamboo Jazz, 60 sm hringprjónar no 3,5 og 4,0, ermaprjónn no 4,0, sokkaprjónar no 3,5, prjónamerki, prjónanælur.

Mynstur:
1.umf. Allar lykkjur sléttar
2.umf. 1 sl, 1br, til skiptis alla umferðina
Endurtakið þessar tvær umferðir.

Bolur: Fitjið upp 176-190-204 l á prjón no 3,5 og prjónið brugðning 1 sl, 1 br, alls 14 umferðir. Skiptið yfir á prjón no 4,0, prjónið eina umferð slétta og aukið í henni jafnt yfir umferðina um alls 20-24-28 l (196-214-232 l á prjóninum). Prjónið samkvæmt mynstri þar til stykkið mælist 40-43-46 sm. Athugið að hætta eftir seinni umferð mynsturprjóns. Skiptið nú í fram- og bakstykki þannig að 92-100-108 l eru í hvoru stykki og 6-7-8 l í handvegi á milli þeirra eru settar á prjónanælu. Geymið stykkið og prjónið ermar.

Ermi: Fitjið upp 44-46-48 l á sokkaprjóna no 3,5 og prjónið brugðning, 1sl, 1 br, alls 12 umferðir. Skiptið yfir á prjón no 4,0, prjónið eina umferð slétta og aukið í henni jafnt yfir umferðina um alls 4-6-6 l (48-52-54 l á prjóninum). Prjónið áfram skv mynstri en aukið á 10 umf fresti út um 2 l, sína hvoru megin við fyrstu og síðustu lykkju umferðar. Gætið þess að mynstrið haldist áfram. Aukið út alls 9-10-11 sinnum (66-72-76 l á prjóninum) og prjónið þar til ermin mælist 43-46-49 sm. Athugið að enda eftir seinni umferð mynsturprjóns. Setjið þá fyrstu 3-3-4 l og síðustu 3-4-4 l umferðar á prjónanælu. Prjónið aðra ermi eins.

Berustykki: Sameinið nú ermar og bol á einn prjón, gott er að setja prjónamerki við hver samskeyti. Prjónið áfram í hring samkvæmt mynstri. Í hverri sléttri umferð er lykkjum fækkað þannig að þegar 2 l eru að prjónamerki er fyrri lykkjan tekin óprjónuð, seinni lykkjan prjónuð og þeirri óprjónuðu steypt yfir, næstu tvær lykkjur eru svo prjónaðar saman.
Þegar komnar eru 10-11-12 úrtökur er byrjað að móta fyrir hálsmáli. Prjónið á framstykki að miðju 36-39-42 l, næstu 2 l eru prjónaðar saman, næsta lykkja er tekin óprjónuð og henni steypt yfir næstu lykkju. Prjónið áfram með úrtökum en nú er prjónað fram og til baka og þarf að hafa það í huga þannig að mynstrið haldist. Í hvert sinn þegar komið er að hálsmáli eru tvær lykkjur prjónaðar saman, stykkinu snúið við, fyrsta lykkjan tekin óprjónuð og prjónað til baka. Athugið að á röngunni eru lykkjurnar við hálsmál prjónaðar brugnar saman.

Þegar engar l eru eftir á framstykki er prjónað þar til 2 l eru eftir á prjóni, setjið þær á prjónanælu og snúið við, prjónið þar til 2 l eru eftir á prjóni og snúið við. Í næstu umferð eru 3 l settar á nælu hvoru megin og loks 5 l hvoru megin.

Skiptið nú yfir á prjón no 3,5 og prjónið frá réttunni. Merkið upphaf umferðar með prjónamerki. Prjónið lykkjurnar af prjónanælunni sléttar. Prjónið sléttar upp lykkjur meðfram v-hálsmálinu og gætið þess að mynda fallegan kant þegar þær eru tíndar upp, setjið prjónamerki við neðstu lykkjuna, tínið áfram upp meðfram hinni hliðinni, prjónið lykkjurnar af prjónanælunni sléttar sem og lykkjurnar af prjóni 4,0. Prjónið brugðning 1 sl, 1 br þar til komið er að neðstu lykkjunum, þá er miðjulykkjan og lykkjan á undan henni teknar óprjónaðar saman frá vinstri yfir á prjóninn, næsta lykkja prjónuð slétt og óprjónuðu lykkjunum steypt yfir, þannig myndast úrtaka þar sem fækkar um 2 l en ein slétt lykkja verður í miðju. Takið þannig úr í hverri umferð. Prjónið alls 10 umferðir. Fellið laust af.

Gangið frá endum, lykkið saman undir höndum, skolið úr volgu vatni og leggið til þerris.

Uppskrift: Þóra Þórarinsdóttir

Hannyrðabúðin
Eyravegi 23, Selfossi // 555-1314

STARFSFÓLK ÓSKAST Í SKÁLANN Í ÞORLÁKSHÖFN

Skálinn í Þorlákshöfn leitar að hressu og duglegu starfsfólki með góða þjónustulund í dagvinnu.

Upplýsingar hjá Elsu í síma 894 3604.

HARPA
ÚTFARARSTOFA

Kirkjulundur 19
Garðabær
harpa@harpautfor.is
harpautfor.is

Harpa Heimisdóttir
842 0204

Brynja Gunnarsdóttir
821 2045

BÁRAN
STÉTTARFÉLAG

Almennur félagsfundur, Bárunnar, stéttarfélags verður haldinn að Austurvegi 56, Selfossi, 3. hæð mánudaginn 28. september nk. Fundurinn byrjar með kjötsúpu kl. 18:00 í boði Bárunnar, stéttarfélags.

Dagskrá:
1. Kosning fulltrúa á þing Alþýðusambands Íslands 21. október 2020.
2. Uppsögn kjarasamninga. Eru forsendur brostnar eða ekki?
3. Önnur mál

Tökum ábyrgð á eigin málum.

Stjórn Bárunnar, stéttarfélags.

Karlakór Hveragerðis býður nýja söngfélaga velkomna í hópinn

Karlakór Hveragerðis er nú að hefja fimmta starfsárið sitt og býður nýja félaga hjartanleg velkomna í kórinn. Aðalfundur kórsins verður haldinn miðvikudagskvöldið 30. september og fyrsta æfing vetrarins verður viku síðar, eða miðvikudagskvöldið 7. október. Nýir menn eru boðnir velkomnir á æfinguna miðvikudagskvöldið 14. október klukkan 19:30 en það verður sérstök nýliðaæfing þar sem nýir félagar fá kynningu á kórnum og verða síðan raddprófaðir (ekkert til að óttast). Stjórnandi og undirleikari kórsins er Örlygur Atli Guðmundsson, sem hefur það markmið að kórinn syngi helst bara létt og skemmtileg lög. Þá má geta þess að kórinn stefnir á söngferð til útlanda haustið 2021 en haustið 2019 fór kórinn í stórskemmtilega ferð til Ítalíu.

F.h. Karlakórs Hveragerðis,
Heimir Örn Heiðarsson, form.

Langar þig í skemmtilegan kór?

Nýtt starfsár er að hefjast í Jórukórnum og laus pláss fyrir nýja meðlimi

Raddprufur í september

Skráðu þig á jorukor@gmail.com

Kynning á stefnumótunarvinnu

Þriðjudaginn 8. september sl. var haldin kynning á stefnumótunarverkefni sem farið var í fyrir Kötlu UNESCO Global Geopark sem skýrði þá sýn og markmið sem jarðvangurinn stendur fyrir.

Stjórn jarðvangsins bauð sveitarstjórnum, skipulags- og byggingarfulltrúum og tengiliðum innan sveitarfélaganna þriggja er standa að jarðvanginum að koma og hlusta á kynninguna en það var ráðgjafafyrirtækið Alta sem hélt utan um þessa vinnu. Alta skilaði skýrslu í lok verkefnisins sem ber heitið Katla UNESCO Global Geopark; Sýn um hlutverk og tækifæri til eflingar, en þar er sett fram sýn á hlutverk KUGG og dregin fram lykilverkefni sem vinna þarf til að styrkja starfsemi jarðvangsins. Í skýrslunni segir einmitt að með því að hafa þessa sýn geti jarðvangurinn betur skýrt verkaskiptingu milli hagaðila, gengið frá starfsáætlun og lagt grunn að fjárhagslegum forsendum.

Á kynningunni fór Berglind Sigmundsdóttir, framkvæmdastjóri jarðvangsins, yfir þau verkefni sem unnin hafa verið síðan 2018 og hvað liggur fyrir. Berglind ræddi einnig um hvernig hún sér fyrir sér framtíð jarðvangsins. Jóhannes M. Jóhannesson, starfsmaður jarðvangsins, fór yfir Ruritage verkefnið sem er stórt alþjóðlegt verkefni sem jarðvangurinn vinnur að.

Skýr mörk?

Gunna Stella

Í byrjun árs skrifaði ég pistil um það að ég hafi valið orð fyrir árið eins og ég geri í upphafi hvers nýs árs. Orðið sem ég valdi fyrir árið 2020 var orðið jafnvægi. Ekki óraði mig fyrir því að þetta yrði ár sem yrði skrifað í sögubækurnar. Ekki einungis vegna dagsetningarinnar heldur út af „dottlu“ eins og svo margir orða það, sem er auðvitað Covid -19 og öll þau áhrif sem sú veira hefur haft. Enn á ný stöndum við frammi fyrir nýjum tilmælum og enn á ný þurfum við að einblína á það að lifa í jafnvægi.

Í pistlinum við upphaf árs ritaði ég:

Í upphafi árs sé ég jafnvægi svona:

1. Jafnvægi á milli þess að þjóta og njóta
2. Jafnvægi á milli vinnu og hvíldar
3. Jafnvægi á milli samveru og einveru
4. Jafnvægi á milli þess að vera heima og ferðast
5. Jafnvægi á milli þess að borða hollt og minna hollt
6. Jafnægi á milli bænar og þagnar
7. Jafnvægi á milli þess að skrifa og lesa
8. Jafnvægi á milli þess að vera sítengd og aftengd netheiminum
9. Jafnvægi á milli fjölskyldutíma og stefnumóta með eiginmanninum
10. Jafnvægi á milli hreyfingar og hugleiðslu

Þó svo árið hafi verið skrítið að mörgu leiti þá gildir þessi listi enn í dag fyrir mig. Í miðju samkomubanni í vor vorum við „neydd“ til að hægja á en nú eru ekki eins miklar takmarkanir í samfélaginu og þá. Því þurfum við að gæta okkar að fara ekki aftur í sama hraða og fyrir Covid. Við höfum lært að hreyfa okkur á fjölbreyttari hátt en áður, við höfum lært meira á tæknina en flest okkar hafa á sama tíma áttað okkur á að við þráum meiri tengingu við fólk en tæki.

Það sem þarf ef til vill að passa betur nú en áður er þetta skýra bil á milli þess að vinna og vera í fríi. Margir hafa unnið meira heima en áður og nú eru skýr fyrirmæli um það að vinnustaðir búi til tækifæri fyrir einstaklinga til að vinna að heiman. Í þannig aðstæðum er mikilvægt að virða vinnutíma og muna að þó þú sért heima að vinna þá þýðir það ekki að þú þurfir alltaf að vera í vinnunni. Þú getur sett mörk og sagt nei. Það má líka. Það er mikilvægt að virða jafnvægi á milli vinnu og hvíldar. Það er líka mjög mikilvægt að gefa börnunum sínum athygli. Fyrir Covid var oft lítill tími sem fjölskyldan átti saman. Eftir Covid átti fjölskyldan ef til vill meiri tíma saman. En það er munur á því að vera saman í sama herbergi en allir uppteknir í sínu eða vera saman og gefa hvort öðru athygli.

Jafnvægi er best á öllum sviðum lífsins. Ég hvet þig til að skoða hvernig jafnvægið í þínu lífi lítur út þessa stundina. Ég sé það strax að ég þarf að muna að njóta betur, hvíla meira, lesa meira og fara á fleiri stefnumót með manninum mínum. Þetta er ekki listi sem hægt er að fullkomna. Þetta er listi sem er gott að hafa sem viðmið og muna að þó svo maður nái ekki jafnvægi á öllum sviðum þá getur maður gert betur næst.

Föstudaginn 2. október verðum við hjá SWIPE Club með ókeypis netþjálfun í boði fyrir alla sem vilja vera með.

Þennan dag verð ég með fyrirlestur um Hugarró í heimsfaraldri. Þar mun ég gefa góð ráð hvað varðar jafnvægi. Sölvi Tryggvason gefur góð ráð varðandi heilsuna og Rafn Franklín með frábær ráð fyrir alla þá sem vilja bæta svefninn. Ég hvet þig til að skrá þig á þessa netþjálfun á heimasíðunni minni, www.gunnastella.is.

Hafðu það sem allra best.

Kærleikskveðja,
Gunna Stella

Stundaskrá Félags eldri borgara Selfossi haustið 2020

Tími	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
09:00		Glerlist	Leir (eftir áramót)	Glerlist	
09:30	Fornsögur (M)	Stólaleikfimi (M)		Stólaleikfimi (M)	
10:00	Gönguhópur		Öndvegislestur (M)	Postulín	Ringo í Vallaskóla
10:00		Golf / pútt hjá GOS			Ganga í Vallaskóla
10:15				Gönguhópur m. rútufylgd	Boccia í Mörk
10:30	Krossgátukaffi	Styrktarleikfimi (M)		Styrktarleikfimi (M)	“
11:10	Qigong		Stólajóga (M)		“
11:20			Boccia og ganga í lðu	Boccia og ganga í lðu	“
12:00					
13:00	Hannyrðir/spjall (S1)	Postulínsmálun	Myndlist (S1)	Glerlist	
13:00	Postulínsmálun	Tálgað í tré (S1)	Perlusaumur (S2)	Hannyrðir/spjall (S1)	
13:00	Styrktarleikfimi (M)				Boccia (M)
13:00		Glerlist (ES)	Bæjarstjórn 3. hvern		“
13:00	Útskurður í Vallholti		Hörpukór: 1., 2. og 4. hv.	Í Mörk	“
14:45	“		“	Opið hús/ dagskrá	“
15:30	Útskurður hjá Blöku	Útskurður í Vallholti	“	“	
16:00	“	Zumba (M)	“	“	
17:00	Boccia (M)	Línudans (M)	“		
17:30			“		
18:00			“		

M = Mörk S1 = Salur 1 S2 = Salur 2

Athugið
- *Rúta frá GT fylgir
- Snóker alla virka daga. Bóka þarf tíma. Birt með fyrirvara um breytingar.
- Allir hópar sjá sjálfir um að hella uppá og ganga frá eftir sig. Afnota er af eldhúsi en ekki þjónusta.
- Útskurðarnámskeið eru í Vallholti. Allir verða að gæta að eigin sóttvörnum Ath. Notið grímu ykkur til öryggis.
- Öll starfsemi er í Félagsmiðstöð okkar nema annað sé tekið fram

Kæri þú, sem ert 60 ára á árinu 2020

Félag eldri borgara FEB Selfossi

Þetta er boðsbréf til þín um að koma og kynna þér starf okkar eldri borgara á Selfossi í þeirri von um að þú finnir þar eitthvað við þitt hæfi og sjáir þér fært að koma til starfa með okkur.

Lögð er áhersla á úrval námskeiða, fjölbreytta frístundaiðkun og holla hreyfingu. Við erum einnig opin fyrir nýjum hugmyndum.

Ef þú hefur áhuga á að taka þátt í starfsemi okkar, þá bjóðum við þig hjartanlega velkominn í félagið. Kynning á vetrarstarfinu fer fram fimmtudaginn 24. september kl. 14:00 í Grænumörk 5, Selfossi.

Stundaskrá vetrarins er á heimasíðu félagsins og þar má finna flestar upplýsingar um okkur. Ný heimasíða verður tekin í notkun 24. sept. nk. www.febsel.is og svo erum við líka á Facebook: Félag eldri borgara Selfossi.

Með góðri kveðju f.h. stjórnar FEB Selfossi.

Guðfinna Ólafsdóttir, formaður.

Umhverfisverðlaun Árborgar 2020

Umhverfisnefnd Árborgar hefur valið snyrtilegasta fyrirtækið, fallegasta garðinn, fjölbýlið og götuna árið 2020 sem og þann aðila sem hefur sinnt framúrskarandi starfi í umhverfismálum fyrir sitt nærsamfélag á undanförnum árum. Á degi íslenskrar náttúru, miðvikudaginn 16. september afhentu Eggert Valur Guðmundsson, formaður bæjarráðs og Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri viðurkenningar fyrir eftirtalda flokka:

Fallegasti garðurinn
Að þessu sinni var það við Tryggvagötu 30, 800 Selfossi. Þar eru eigendu þau Vilhjálmur Þórðarson og Ingibjörg Guðmundsdóttir, en garðurinn þykir hin mesta prýði.

Fallegasta fjölbýlið
Það hefur ekki verið valið áður, en fram kom í máli Eggerts Vals Guðmundssonar, formanns umhverfisnefndar að það þætti ótækt annað en að setja þennan lið á dagskrá. Það voru að þessu sinni svokallaðar Pálmatrésblokkir, Austurvegi 39-41. Þau væru vel að því komin enda sé umhverfið allt íbúum og sveitarfélaginu til mikils sóma. Þá kom fram í máli Ásgeirs Valdimarssonar, íbúa blokkarinnar að þetta væri fyrir þá einstöku samstöðu og samvinnu þeirra íbúa sem byggðu blokkirnar.

Snyrtilegasta fyrirtækið
Það voru engir aðrir en bakararnir í GK bakarí að Austurvegi 31 sem hlutu umhverfisverðlaun Árborgar sem snyrtilegasta fyrirtækið. Bakaríið og umhverfi þess allt þykir skemmtilegt og fallegt, en þeir piltar, Kjartan og Guðmundur, fengu meðal annars nemanda á listnámsbraut FSu til þess að skreyta vegg fyirir utan planið sem hefur glatt margan vegfarandann.

Framúrskarandi starf í umhverfismálum
Vigfús Eyjólfsson, íbúi á Selfossi, fékk að þessu sinni viðurkenningu fyrir framúrskarandi starf í umhverfismálum. Vigfús er mikilvirkur plokkari og hefur farið með margan pokann fullan af sorpi og umhverfissóðaskap á gámasvæðið og á heiður að því að fegra umhverfi íbúa. Það mættu fleiri taka sér hann að fyrirmynd og snyrta samfélag okkar.

Félagsmiðstöðin Zero

Starfsmaður óskast

Starfsmann vantar í 60% starf til að hafa umsjón með starfsemi Félagsmiðstöðvarinnar Zero á Flúðum. Félagsmiðstöðin er rekin í samvinnu Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Laun eru skv. kjarasamningum Félags opinberra starfsmanna.

Allar nánari upplýsingar gefur sveitarstjóri Hrunamannahrepps í síma 480 6600 eða jon@fludir.is.

Umsóknum skal skila á skrifstofu Hrunamannahrepps í síðasta lagi 25. september nk.

ÚTBOÐ

Hrunamannahreppur óskar eftir tilboðum í verkið:

GRÖF GATNAGERÐ 2020

Verklok eru 15. júlí 2021.

Verkið felur í sér gerð á nýjum götum við Gröf á Flúðum í Hrunamannahreppi.

Verktaki skal jarðvegsskipta götur og stíga samkvæmt kennisniðum og leggja styrktarlag, burðarlag og malbik á stíga og götur. Verktaki skal einnig leggja fráveitu, vatnsveitu, hitaveitu, ljósleiðaralagnir, ljósastauralagnir, setja upp ljósastaura og aðstoða við lagningu rafveitulagna.

Einnig skal malbika yfirlag á Hvammsveginn frá Hrunamannavegi út fyrir Reynihlíð.

Helstu magntölur eru:

Gröftur ..... 2375 m³
Styrktarlag og fylling í lagnaskurði ..... 4775 m³
Malbik ..... 4920 m²
Fráveitulagnir ..... 610 m
Vatnsveitulagnir ..... 475 m
Hitaveitulagnir ..... 1060 m

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með þriðjudeginum 22. september 2020. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Bárð Árnason hjá Eflu Suðurlandi í síma 412 6900, eða með tölvupósti á netfangið ba@efla.is og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti.

Tilboðum skal skila á skrifstofu Hrunamannahrepps Akurgerði 6, 845 Flúðir fyrir kl. 11:00 fimmtudaginn 8. október 2020, en þá verða þau opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Sveitarstjórinn í Hrunamannahreppi

íþróttir

Efni sendist á dfs@dfs.is

Þröstur Ingvarsson, faðir Hauks íþróttakarls HSK, og Fjóla Signý íþróttakona HSK.

Óvenjulegt héraðsþing HSK tókst vel

HSK 46 manns mættu á 98. héraðsþing HSK sem var haldið á Hvolsvelli sl. fimmtudag. Mælst hafði verið til þess að einn fulltrúi kæmi frá hverju félagi og gekk það eftir. Fámennara héraðsþing hefur ekki verið haldið síðan 1959. Trúlega hefur héraðsþing ekki staðið skemur í sögu sambandsins, en þinghaldið tók klukkutíma og korter, enda var ýmsum hefðbundnum dagskrárliðum sleppt. En þinghaldið gekk vel fyrir sig og vel var hugað að sóttvörnum. Heimafólki frá Rangárþingi eystra og Dímon eru færðar bestu þakkir fyrir kaffiveitingar og aðstoð við þinghaldið.

Hluti þingfulltrúa, Guðmundur Kr. Jónsson heiðursformaður HSK fyrir miðri mynd.

Frjálsíþróttakonan Fjóla Signý Hannesdóttir og handknattleiksmaðurinn Haukur Þrastarson, bæði úr Ungmennafélagi Selfoss, voru útnefnd íþróttakona og íþróttakarl Héraðssambandsins Skarphéðins árið 2019.

Unglingabikar HSK 2019 hlaut æskulýðsnefnd Hestamannafélagsins Geysis, foreldrastarfsbikar HSK 2019 fór til Badmintondeildar Hamars og Dímon var sigurvegari í heildarstigakeppni HSK vegna héraðsmóta HSK. Þá var Jason Ívarsson valinn öðlingur ársins.

Stjórn HSK lagði fram 10 tillögur á þinginu og voru þær allar samþykktar, þar á meðal tillaga um að veita Íþróttafélagi Uppsveita aðild að HSK. Aðildarfélög sambandsins eru nú 58 talsins.

Í lok þings var kosið í starfsnefndir sambandsins og þá var stjórn og varastjórn sambandsins endurkjörin.

Ársskýrsla sambandsins kom út á þinginu og má nálgast hana á www.hsk.is, undir liðnum fundargerðir.

Arnheiður B. Einarsdóttir, formaður Dímonar, Sandra Björk Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Hamars og Lovísa Ragnarsdóttir, Geysi, tóku við sérverðlaunum f.h. sinna félaga.

Jason Ívarsson, öðlingur ársins.

Gott stig í fyrsta heimaleik

HANDBOLTI Selfoss mætti KA í fyrsta heimaleik sínum í Olísdeildinni á tímabilinu. Selfyssingar mega teljast lukkulegir að ná stigi út úr leiknum en lokatölur urðu 24-24.

Selfyssingar byrjuðu miklu sterkari og komust fljótt í fjögurra marka forystu, 5-1 og allt stefndi í auðveldan leik hjá Selfoss. Raunin varð önnur því norðanmenn tóku við sér, minnkuðu muninn, jöfnuðu og leiddu í hálfleik 11-13.

Seinni hálfleikur fór rólega af stað, KA hélt tveggja til þriggja marka forystu lengi vel. Allt stefndi í sigur gestanna sem voru komnir fimm mörkum yfir þegar um átta mínútur voru eftir, 18-23. Þá tóku við hreint út sagt ótrúlega lokamínútur þar sem Selfoss skoruðu fjögur mörk á síðustu fjórum mínútum leiksins á meðan KA tókst ekki að koma boltanum í netið. Lokatölur 24-24.

Tryggvi Þórisson var öflugur gegn KA með sex brotin fríköst og sex varða bolta í vörninni. Ljósmynd: Umf. Selfoss/IHH

Mörk Selfoss: Guðmundur Hólmar Helgason 7, Hergeir Grímsson 5, Alexander Már Egan 4, Ísak Gústafsson 3, Atli Ævar Ingólfsson 2, Daníel Karl Gunnarsson og Tryggvi Þórisson 1. Varin skot: Vilius Rasimas 8 (31%).

Næsti leikur hjá strákunum er gegn Aftureldingu í Mosfellsbænum á morgun, fimmtudag 24. september kl. 19.30.

Minnum á að sala árskorta er komin á fullt og eru þau meðal annars fáanleg í vefverslun Selfoss sem finna má á slóðinni www.selfoss.net. *-esó*

Tap í Kórnum

HANDBOLTI Stelpurnar hófu leik í Grill 66 deildinni um helgina þegar þær mættu ungmennaliði HK í Kórnum. Selfoss tapaði með fjórum mörkum, 34-30, í markaleik.

Selfyssingar byrjuðu leikinn betur og leiddu fyrstu fimmtán mínútur leiksins. HKingar tóku þá völdin og komust yfir og voru með tveggja marka forystu í hálfleik, 14-12. Svipað var uppi á teningnum í seinni hálfleik og Selfyssingar gerðu sig aldrei líklega til að gera alvöru atlögu að Kópavogsstúlkunum og þar við sat. Lokatölur 34-30.

Tinna Sigurrós var langmarkahæst með 13 mörk. Ljósmynd: Umf. Selfoss/ÁÞG

Mörk Selfoss: Tinna Sigurrós Traustadóttir 13/3, Lara Zidek 9/1, Ivana Raickovic 3, Thelma Lind Sigurðardóttir og Rakel Guðjónsdóttir 2 og Elín Krista Sigurðardóttir 1. Varin skot: Henriette Ostergaard 9 (23%) og Lena Ósk Jónsdóttir 1 (20%).

Næsti leikur hjá stelpunum er gegn Fram U í Safamýrinni sunnudaginn 27. september kl. 15:00. *-esó*

Selfoss mætir Haukum í Coca Cola bikarnum

KNATTSPYRNA Selfyssingar drógust gegn Haukum í fyrstu umferð Coca Cola bikars karla. Í skálinni voru fimmtán lið, þar á meðal voru lið Selfoss og Íf. Mílunnar, en fjögur lið sátu hjá í fyrstu umferð. Dregið var í þrjár viðureignir þannig að sextán lið munu standa eftir þegar dregið verður í aðra umferð.

Leikurinn fer fram á Ásvöllum þriðjudaginn 6. október. Mílumenn komu ekki upp úr skálinni og eru komnir í 16-liða úrslit. Því er ljóst að þeir hafa jafnað sinn besta árangur í bikarkeppninni.

Selfoss U tapaði með tveimur mörkum gegn HK

HANDBOLTI Strákarnir í ungmennaliði Selfoss töpuðu fyrir HK með tveimur mörkum, 27-25, í Kórnum í fyrstu umferð Grill 66 deildarinnar.

Leikurinn var jafn fyrstu mínúturnar og var staðan 5-5 eftir um 8 mínútna leik. Selfyssingar leiddu með einu marki í hálfleik 12-13. Þeir héldu uppteknum hætti í seinni hálfleik og náðu tveggja marka forystu þegar skammt var liðið af seinni hálfleik. HK náði að jafna leikinn og eftir það skiptust liðin á að halda forystu. HK voru sterkari aðilinn á lokamínútum leiksins og Selfyssingar gerðu sig seka um klaufaleg mistök sem gulltryggði sterku liðið HK tveggja marka sigur.

Mörk Selfoss: Hannes Höskuldsson 5, Guðjón Baldur Ómarsson, Arnór Logi Hákonarson og Vilhelm Freyr Steindórsson 4, Haukur Páll Hallgrímsson, Grímur Bjarndal Einarsson og Tryggvi Þórisson 2 og Gunnar Flosi Grétarsson 1. Varin skot: Alexander Hrafnkelsson 7 (34%).

Næsti leikur hjá Selfoss U er gegn Fram U í Safamýrinni laugardaginn 26. september kl. 16:00. Endilega fylgist með á fésbókarsíðu Selfoss handbolta þar sem finna má nýjustu upplýsingar um liðin, leiktíma og sóttvarnarreglur. *-esó*

Hannes var með fullkomna skotnýtingu í leiknum. Ljósmynd: Umf. Selfoss/IHH

Nám í golfakademíu FSu fer vel af stað

GOLF Golfakademía FSu fer mjög vel af stað, en um er að ræða nýja akademíu við FSu sem hófst nú á haustönn. Tíu nemendur stunda nám í golfi 4 sinnum í viku þar sem farið er yfir helstu þætti golfsins, tækni, venjulegt spil á velli og golfreglur. Að auki stunda nemendur styrktar- og liðleikaæfingar í Kraftbrennslunni. Nemendur er mjög spenntir og finnst frábært að mæta á æfingu og vinna í sinni íþrótt á skólatíma. Aðstaða til kennslu er til fyrirmyndar, en nemendur æfa sig á golfvelli Golfklúbbs Selfoss. Þar eru 9 holur, gott æfingasvæði í fallegu umhverfi og ný innanhússæfingaaðstaða. Kennarar í golfaakademíu eru Hlynur Geir Hjartarson, PGA golfkennari og Ástmundur Sigmarsson.

Nýr sjúkrabíll í Rangárþing

Sjúkraflutningar HSU eiga von á fjórum nýjum sjúkrabílum á Suðurlandið og eru tveir nú þegar komnir í notkun. Annar bíllinn er staðsettur á Selfossi en hinn var afhentur á Hvolsvöll þann 13. september sl. Nýi sjúkrabíllinn er algjör bylting og er þetta í fyrsta sinn sem sjúkrabíll, sem staðsettur er á Hvolsvelli er framleiddur sem slíkur, þ.e. ekki búið að breyta annars konar bíl í sjúkrabíl. Nýi bíllinn er þyngri og með loftpúðafjöðrun að aftan sem sjúkrabílar hér hafa ekki haft áður. Það gerir það að verkum að bíllinn er ekki eins hastur sem að sjálfsögðu er mun betra þegar kemur að sjúkraflutningum. Vinnurýmið aftan í bílnum er meira en áður og það fer sannarlega mun betur um sjúklinginn í bílnum.

Sjúkrabíll hefur verið staðsettur í Rangárþingi í fjölda ára og hefur það sannað sig hvað eftir annað hversu nauðsynlegt það er að hafa sjúkrabíl á svæðinu.

Á myndinni eru sjúkraflutningamennirnir, Erla Sigríður Sigurðardóttir og Ágúst Leó Sigurðsson.

Aðalfundur

Aðalfundur Umf. Selfoss verður haldinn á Hótel Selfoss fimmtudaginn 8. október klukkan 20:00.

Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf.

Aðalstjórn Umf. Selfoss

Vegna COVID-19 er mælst til þess að aðeins tveir fulltrúar komi frá hverri deild. Þá hefur verið ákveðið að bjóða ekki gestum til fundarins.

Framkvæmdastjóri Handknattleiksdeildar Umf. Selfoss

Starf framkvæmdastjóra Handknattleiksdeildar Umf. Selfoss er laust til umsóknar. Um er að ræða hálft starf hjá einni öflugustu handknattleiksdeild landsins. Meginverkefni framkvæmdastjóra lúta að skipulagi, rekstri og umsjón með meistaraflokkum félagsins, fjáröflunum, kynningu og eflingu starfsins, auk samstarfs og samskipta við samstarfsaðila deildarinnar.

Mikilvægt er að framkvæmdastjóri hafi menntun og reynslu sem nýtist í starfi, góða samstarfshæfileika og hafi þekkingu, reynslu og brennandi áhuga á handknattleik. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til 8. október nk. en umsóknum ásamt ferilskrá skal skila í tölvupósti á póstfangið: handbolti@umfs.is. Nánari upplýsingar veitir formaður deildarinnar, Þórir Haraldsson, í síma 664 1890 eða í tölvupósti; thorir64@gmail.com.

Stjórn Handknattleiksdeildar Umf. Selfoss.



Fríða gefur út lagið *Tímamót*

Á öldum ljósvakans hljómar nú lagið *Tímamót*, með rangæsku söngkonunni Fríðu Hansen. Þetta er fyrsta lagið sem Fríða gefur út ein og sér, en lag og texti er eftir hana. Áður hefur hún vakið athygli með ábreiðum sínum á ýmsum smellum sem og í samstarfi við aðra tónlistarmenn, nú síðast annan Rangæing, Hreim Örn Heimisson, í laginu *Lítið hús*. Dagskráin tók Fríðu tali af þessu tilefni og lagði fyrir hana nokkrar stórar og smáar spurningar.

Hver er Fríða Hansen og hvaðan kemur hún?
Fríða Hansen er hvatvís, óskipulögð og jákvæð 25 ára sveitastelpa frá Leirubakka í Landsveit.

Hvað ætlarðu að verða þegar þú ert orðin stór?
Ég ætla aldrei að verða stærri en svo að geta notið lífsins og haft gaman af líðandi stund. Í mér blundar hestakona, bóndi og söngkona, dýralæknir og leikkona, kennari og rithöfundur og allt þar á milli. Vonandi næ ég að gera allt sem mig langar til áður en ég verð „stór“.

Er erfitt að blanda saman búskap og list?
Nei það finnst mér ekki. List fyrir mér er alls staðar og vekja náttúran og dýrin upp tilfinningar sem ég nýti í sköpunina mína. Báðar greinar eru líka þannig að það er hægt að stilla vinnudeginum og rútínunni þannig upp að flest gangi upp. Ég er að sjálfsögðu ekki ein með búið heima á Leirubakka, við rekum þetta saman fjölskyldan, en við styðjum við bakið hvert á öðru og reynum eins og við getum að búa til tíma til að sinna því sem við viljum sinna, eins og listsköpun.

Hvaðan færðu innblástur?
Úr náttúrunni, mismunandi aðstæðum og árstíðum og samferðarfólki.

Hvernig er að gefa út tónlist og koma sér á framfæri í nútímanum?
Ég er afar heppin að hafa kynnst frábæru fólki í tónlistarbransanum sem eru öll boðin og búin að hjálpa og leiðbeina, og að halda mér jafnframt á tánum og niðri á jörðinni. Þetta er náttúrulega frumskógur, þessi tónlistarmarkaður og bransi, svo ég tel að það sé mikilvægast að muna að njóta þess sem maður er að gera; að semja og skapa og koma fram. Allt umfram það er bara plús.

Væri það öðruvísi ef þú ættir ekki heima úti á landi?
Nei, það tel ég ósennilegt. Ég ætla samt að búa í Reykjavík í vetur og kannski get ég gefið annað svar í vor.

Við hvað kemurðu til með að starfa í vetur?
Ég er tónlistarkennari í ca. hálfu starfi hjá Tónsmiðju Suðurlands og kenni á Flúðum, Selfossi og í Reykjavík. Ég er líka söngkona og kem fram við hin ýmsu tilefni, en svo er ég reiðkennari, tek bæði að mér einkakennslu og hópakennslu, en er líka tamningakona.

Hvað ertu að reyna að gera með listinni?
Fyrst og fremst að koma öllu því sem er að brjótast um innra með mér út, og vona svo að aðrir sem á hlusta hafi gaman og gott af. Ef ég næ að gleðja þann sem hlustar eða hvetja einhvern til að elta draumana sína er tilganginum náð.

Nú og að lokum, hver er tilgangur lífsins?
Að njóta líðandi stundar umkringdur fólki sem veitir þér gleði, innblástur og hvatningu til að gera það sem þér þykir skemmtilegast – og að vera öðrum innblástur!

Svo mörg voru þau orð. Við óskum Fríðu gæfu og gengis á öllum vígstöðvum. Lagið er hægt að nálgast á öllum helstu streymisveitum og myndband Eiríks Þórs Hafdal á youtube.com.

Góð þátttaka í tilraunaverkefni um heimaslátrun sauðfjár

Tilraunaverkefni um heimaslátrun sauðfjár er farið af stað og alls taka 35 býli, víðsvegar um landið, þátt í verkefninu. Markmið þess er leita leiða til þess að auðvelda bændum að slátra sauðfé heima til markaðssetningar þannig að uppfyllt séu skilyrði regluverks um matvælaöryggi og gætt sé að dýravelferð og dýraheilbrigði. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur falið Hólmfríði Sveinsdóttur, doktor í lífvísindum og næringarfræðingi, að stýra verkefninu fyrir hönd ráðuneytisins.

Heilbrigðisskoðun framkvæmd af dýralæknum
Síðustu misserin hefur verið unnið ötullega að undirbúningi í samráði við Matvælastofnun, landssamtök sauðfjárbænda og þátttakendur. Í sumar undirrituðu Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og Guðfinna Harpa Árnadóttir, formaður Landssamtaka sauðfjárbænda, samkomulag um tilraunaverkefni um heimaslátrun.

Undirbúningi verkefnisins er nú lokið, þátttakendur verkefnisins eru 35 talsins og eru búsettir víðsvegar um landið. Fyrirkomulag verkefnisins er með þeim hætti að þátttakendur munu sjálfir framkvæma heimaslátrun á bæjum en heilbrigðisskoðun verður framkvæmd af dýralæknum Matvælastofnunar með tvenns konar hætti, annars vegar með heimsókn dýralæknis á 19 bæi og hins vegar í gegnum fjarfundarbúnað í beinu streymi á 16 bæjum.

Þátttakendur munu jafnframt mæla sýrustig og taka sýni fyrir örverumælingar í því skyni að mæla gæði kjötsins. Afurðir úr verkefninu verða ekki seldar á markaði. Samkvæmt samningnum fjármagnar ráðuneytið sýnatökur og rannsóknir á örverumælingum.

Byggðasöguhringnum lokað á Hellu

F.v. Ágúst Sigurðsson sveitarstjóri Rangárþings ytra, Sólveig Stolzenwald, Unnur Þórðardóttir, Gunnar Guðmundsson, Ólafur Egill Stolzenwald, Bogi Thorarensen, Ingibjörg Ólafsdóttir og Harpa Rún Kristjánsdóttir.

Það var hátíðleg stund á Hellu þann 15. september þegar gamlir og nýir Hellubúar fögnuðu útgáfu bókarinnar *Hella – þorp í þjóðbraut.* Með bókinni lokast byggðasöguhringurinn, en áður hafa komið út bækur um alla gömlu hreppana sem nú mynda Rangárþing ytra. Segja má að 15. september marki tímamót í sögu staðarins, því þann dag fyrir 93 árum fékk Þorsteinn Björnsson fyrstur verslunarréttindi á staðnum.

Ingibjörg Ólafsdóttir sagnfræðingur hefur unnið að ritun bókarinnar undanfarin ár með ötulli aðstoð Hellubúa og nærsveitunga. Í bókinni birtast ótal ljósmyndir og frásagnir sem safnað hefur verið á undanförnum árum. Þetta markar henni sérstöðu því auk þess að vera byggðasaga um það hvernig þorp verður til streymir sagan beint frá fólkinu sjálfu, sem byggir staðinn og mótar hann. Samhliða sagnfræðilegri umfjöllun birtist mynd af samfélaginu og samhjálpinni sem þar á sér stað. Bæði höfundur og prentsmiður bókarinnar eru gamlir Hellubúar, en Ólafur Stolzenwald og Prentsmiðja Guðjóns Ó sáu um umbrot og prentun. Þessi einstöku tengsl allra hlutaðeigandi við staðinn verða til þess að verkið allt er unnið beint frá hjartanu.

Bókin fæst á skrifstofu Rangárþings ytra, Litlu lopasjoppunni á Hellu, söluskálanum við Landvegamót og Bókakaffinu á Selfossi.

prentmet Oddi

heildarlausnir í prentun

Við erum sérfræðingar í prentun bóka, almennu prentverki og framleiðslu umbúða. Öll framleiðsla fer fram á Íslandi.

ÍSLENSKT
LÁTTU ÞAÐ GANGA

Láttu sérfræðinga okkar aðstoða við að finna bestu, hagkvæmustu og umhverfisvænustu leiðina fyrir þig.

Velkomin á Lyngháls 1

Umbúðir

Almenn prentun

Bækur

Límmiðar

Lyngháls 1, 110 Rvk 5 600 600
Eyravegi 25, 800 Selfoss 482 1944
Heiðargerði 22, 300 Akranes 431 1127

prentmetoddi.is

UMHVERFISVOTTUÐ PRENTSMIÐJA

FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG ÁRNESSÝSLU
Símatími alla virka daga frá kl. 13:00 til kl. 16:00 sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum kl. 20:00, nýliðafundur kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl.11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 10:30-11:30 Sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 Fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að borða? OA 12 spora fundir Overeaters Anonymus alla þriðjudaga kl. 17:30 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu Hveragerði, efri hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

TUNGUMÁL

Ertu spænskumælandi?
Ósk a eftir spænskumælandi aðila fyrir mjög mikilvægt verkefni. Stutt símtal til Spánar. Uppl. gefur Björgvin Ómar Ólafsson í síma 483 3568.

BÍLAR

KLETTUR ehf.
Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskoðanir Heklu-bifreiða og almennar bílaviðgerðir.
Hjólastillingar
HEKLA
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

AB SKÁLINN
Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777
Yfirbyggingar – Réttingar
Bílamálun – Rúðuskipti

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
S: 662-1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL
Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

KJARNABÓKHALD
Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.
Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is
Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.
Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is
Bókhald - ráðgjöf skattskil
Þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki
Persónuleg þjónusta

TIL LEIGU

Íbúð til leigu
Íbúð á Selfossi tímabundið til leigu með húsgögnum gegn hluta af leigunni og að passa kettina. Upplýsingar í síma 761 1762.

KIRKJUR

Selfosskirkja
Fjölskyldumessa sunnudaginn 27. september kl. 11:00. Umsjóna Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir og Guðbjörg Arnardóttir.

Kirkjuskólinn í Víkurprestakalli
Samverur Kirkjuskólans í Víkurprestakalli hefjast að nýju næsta sunnudag, 27. september kl. 11:15 í Víkurskóla í Vík. Við skoðum nýtt efni og rifjum upp það sem við erum áður búin að læra. Við munum fylgja öllum reglum sem settar eru um sóttvarnir vegna Covid 19 í vetur svo það er vissara að fylgjast vel með auglýsingum. Hlakka til að hitta ykkur aftur.

Kálfholtskirkja
Guðsþjónusta sunnudaginn 27. sept. kl. 14.00. Fermingarbörn næsta vetrar og foreldrar þeirra sérstaklega boðin velkomin.

Hvítasunnukirkjan Selfossi
Samkoma og sunnudagaskóli á sunnudögum kl.11:00. English translation available. Bænastundir á þriðjudögum kl. 20. Allir innilega velkomnir. www.selfossgospel.is.

Gaulverjabæjarkirkja
Guðsþjónusta sunnudaginn 27. september kl. 14. Kór kirkjunnar syngur, organisti Haukur Arnarr Gíslason. Prestur sr. Arnaldur Bárðarson.

Eyrarbakkakirkja
Guðsþjónusta sunnudaginn 27. september kl. 11.00. Sr. Halldóra J. Þorvarðardóttir prófastur setur sr. Arnald Bárðarson í embætti sóknarprests Eyrarbakkaprestakalls. Kór Eyrarbakkakirkju syngur organisti Haukur Arnarr Gíslason.

Aðventistar
Safnaðarheimili aðventista, Eyravegi 67, Selfossi, 26. sept. Biblíurannsókn kl. 11 og guðsþjónusta kl. 12, með ræðu verður Eric Guðmundsson. Verið velkomin.

Rangárþing eystra óskar eftir tillögum um götunöfn

Rangárþing eystra leitar til íbúa um hugmyndir eða tillögur að nokkrum nýjum götunöfnum í sveitarfélaginu. Um er að ræða eina götu í Skógum og þrjár götur í byggðinni sem verið er að undirbúa norðan við Hvolsvöll. Tillögur má senda á netfangið arnylara@hvolsvollur.is eða í gegnum skilaboð á Facebook síðu sveitarfélagsins.

Skógar

Í Skógum vantar nafn á eina götu í deiliskipulagi Ytri-Skóga. Gatan liggur frá bílastæðinu bak við gamla Héraðsskólahúsið og meðfram íbúðarhúsum og lóðum sem hafa samheitið Ytri-Skógar.

Hvolsvöllur

Á Hvolsvelli er leitað að tillögum um þrjú götuheiti í skipulagðri byggð norðan við Hvolsvöll. Gatan sem er lituð með gulu tengir byggðina við Þjóðveg 1.

Grunnskólinn á Hellu fær afhentan Grænfánann í 6. sinn

Þann 16. september sl., á afmælisdegi Ómars Ragnarssonar var dagur íslenskrar náttúru. Í tilefni þess fóru allir nemendur og starfsfólk Gurnnskólans á Hellu víðsvegar um Hellu til að tína rusl. Auk þess fengu allir nýbakaðar lummur í tilefni dagsins. Eftir það var stillt upp í grænfánamerkið, ýmist með blá, græn eða hvít höfuðföt til að hægt væri að taka mynd með dróna. Eftir það fékk skólinn afhentan Grænfánann í 6. sinn, en nemendur og starfsfólk er að sjálfsögðu afar stolt af því.

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
Sími 492 1944
dfs@dfs.is

F4x4 Suðurlandsdeild

Aðalfundur

Aðalfundur verður haldinn þriðjudaginn 6. okt nk. kl. 20:00 í Karlakórsheimilinu á Selfossi.

Dagskrá:
Venjuleg aðalfundarstörf

P.S. 1 metra reglan verður virt eins og staðan er í dag. Grímur verða á staðnum ef fólk vill.

Stjórnin

Uppbyggingarsjóður Suðurlands
Ráðgjafi SASS í Hveragerði

Ráðgjafi SASS verður staðsettur á bæjarskrifstofunum í **Hveragerði** mánudaginn 28. september kl. 14-16 og mun veita umsækjendum aðstoð.

Hægt er að bóka tíma með tölvupósti á **hrafnkell@hfsu.is**

SÓKNARÁÆTLUN SUÐURLANDS
SASS SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Tveir glataðir samningar Sjálfstæðismanna í Hveragerði

Á tveimur fundum bæjarráðs Hveragerðis nú í sumar samþykkti meirihluti Sjálfstæðisflokksins tvo samninga sem eru að mati undirritaðra afar óhagstæðir fyrir bæjarfélagið og þar með íbúa. Auk þess teljum við það verulegt álitamál hvort að sveitarfélag eigi yfirhöfuð að gera slíka samninga.

Samningur við Reykjadalsfélagið

Á fundi bæjarráðs þann 18. júní sl. var tekinn fyrir aðstöðu- og þjónustusamningur við Reykjadalsfélagið, handahafa lóðarinnar Árhólma 1 í Ölfusdal sem er við upphaf gönguleiðarinnar inn í Reykjadal. Meirihluti Sjálfstæðisflokksins stóð einn í samningaviðræðum við Reykjadalsfélagið en fulltrúar minnihlutans höfðu ekki aðkomu að þeim viðræðum. Fyrstu drög að samningi voru lögð fyrir bæjarráð þann 18. júlí 2019. Megininntak þessara fyrstu draga var að Hveragerðisbær myndi fela Reykjadalsfélaginu einkarétt á innheimtu bílastæðagjalda, sem sveitarfélagið áformaði að innheimta á lóðinni, og var lagt upp með það í samningnum að félagið tæki meirihluta þeirra tekna í sína sjóði. Það var mat bæjarfulltrúa Okkar Hveragerðis að það væri óeðlilegt að einkaaðilar tækju meirihluta tekna af bílastæðagjöldum á meðan tilgangurinn með slíkum gjöldum væri að afla tekna til að byggja upp svæðið í Reykjadal og nágrenni, s.s. að vernda umhverfið og byggja upp aðstöðu fyrir stöðugan straum ferðamanna sem fer um svæðið. Því höfnuðu bæjarfulltrúar Okkar Hveragerðis þessari nálgun í samningum og gerðu auk þess athugasemdir við að markmið samningsins væru óljós.

Næstu drög samningsins voru svo lögð fyrir bæjarráð nú í sumar. Sem betur fer hafði meirihluti Sjálfstæðismanna fallið frá fyrri tillögu sinni um að veita Reykjadalsfélaginu einkarétt á innheimtu bílastæðagjalda og að félagið tæki meira en helming tekna til sín. En, þess í stað setti meirihlutinn inn í samninginn að Hveragerðisbær myndi greiða Reykjadalsfélaginu kr. 1.450.000 á mánuði fyrir þjónustu félagsins. Það þýðir að fyrir hvern dag mun Hveragerðisbær greiða tæplega kr. 50.000 fyrir þjónustuna eða í heild um 174 m.kr. fyrir þau tíu ár sem samningurinn á að gilda. Hvorki meira né minna! Fulltrúi Okkar Hveragerðis í bæjarráði greiddi atkvæði gegnum þessum samningi en hann var engu að síður samþykktur af meirihluta Sjálfstæðisflokksins.

Og hvaða þjónusta er það sem íbúar Hveragerðis munu greiða kr. 50.000 á dag fyrir til Reykjadalsfélagsins næstu 10 árin? Það er rekstur salernisaðstöðu fyrir ferðamenn, aðstaða fyrir bílastæðaverði Hveragerðisbæjar, rekstur þjónustumiðstöðvar, umhirða á göngustígum Árhólmasvæðisins og bílastæðum og aðgang Hveragerðisbæjar að húsnæðinu tíu sinnum á ári.

Að mati undirritaðra er mikilvægt að tryggja salernisaðstöðu fyrir þá ferðmenn sem eiga leið um svæðið en það voru margar aðrar leiðir færar til að leysa það fyrir lægri upphæð á mánuði. Það er líka óljóst hvaða tilgangi þjónustumiðstöð sem Hveragerðisbær greiðir Reykjadalsfélaginu fyrir að reka við Árhólma eigi að þjóna? Hveragerðisbær rekur nú þegar upplýsingamiðstöð í Sunnumörk sem er fullfær um að gefa ferðamönnum allar þær upplýsingar sem þeir leita eftir um Hveragerði og nærsvæði. Landverðir, sem eru á vegum Umhverfisstofnunar í Reykjadal á sumrin, hafa meðal annars það hlutverk að fræða gesti um svæðið og þar sem Reykjadalur og nágrenni er í friðlýsingarferli er fyrirséð að landverðir komi til með að hafa meiri viðveru á svæðinu yfir allt árið. Það verður því að öllum líkindum áfram hlutverk Umhverfisstofnunar að sjá um aukna fræðslu og gæslu á svæðinu sem líklega myndi falla undir rekstur þjónustumiðstöðvar og því rétt að Reykjadalsfélagið snúi sér þangað varðandi samning um slíkan rekstur. Einnig má benda á að til eru rafrænar lausnir fyrir innheimtu bílastæðagjalda sem krefjast ekki viðveru bílastæðavarða. Ekki er ólíklegt að slíkar lausnir verði fyrir valinu þegar kemur að því að sveitarfélagið velji hvernig skuli standa að innheimtu bílastæðagjalda og því engin þörf á aðstöðu fyrir bílastæðaverði á svæðinu.

Okkur þykir einnig mjög miður að meirihluti Sjálfsstæðismanna í Hveragerði hafi ekki farið í samstarf um uppbyggingu á Árhólmasvæðinu við Sveitarfélagið Ölfus og Landbúnaðarháskóla Íslands sem eru stórir hagaðilar í þessu máli. Það liggur fyrir að allir ferðamennirnir sem fara um Árhólmasvæðið og munu greiða bílastæðagjald til Hveragerðisbæjar eru á leiðinni í Reykjadalinn, sem er innan sveitarfélagamarka Ölfuss og í eigu Landbúnaðarháskólans. Við í Okkar Hveragerði teljum að slíkt samstarf um uppbyggingu og rekstur bílastæðis og salerna hefði verið mun affarasælla og réttlátara fyrir alla hagaðila svæðisins heldur en núverandi fyrirkomulag býður upp á.

Þess má geta að undanfarin ár hafa árlega farið um svæðið um 300.000 gestir á leið sinni upp í Reykjadal og er viðbúið að þessi fjöldi ferðamanna

Njörður Sigurðsson og Þórunn Pétursdóttir, bæjarfulltrúar Okkar Hveragerðis.

muni áfram fara um svæðið þegar veirufaraldurinn hefur gengið yfir heimsbyggðina og ferðamannaiðnaðurinn hefur náð sér á strik að nýju. Það eru því mikil viðskiptatækifæri fyrir lóðarhafa að Árhólmum 1 og hefur Reykjadalsfélagið kynnt bæjarfulltrúum spennandi hugmyndir um uppbyggingu á lóðinni sem án efa munu draga að gesti og stuðla að farsælum rekstri. Það er því á engan hátt réttlætanlegt að Hveragerðisbær styrki sérstaklega eitt fyrirtæki í bænum umfram annað á þann hátt sem lagt er upp með í samningum.

Kaup á ónýtu húsi

Á fundi bæjarráðs Hveragerðis 20. ágúst sl. ákvað meirihluti Sjálfstæðisflokksins að kaupa ónýtt hús í Hveragerði, Bláskóga 1, á 19,5 m.kr. Húsið er 50 fermetrar að stærð og fasteignamat þess er tæpar 16 m.kr. Stefnt er að því að rífa húsið á kostnað Hveragerðisbæjar og úthluta lóðinni til nýbyggingar, líklega fyrir parhús. En hvernig lítur þá þetta reikningsdæmi út? Kostnaður við niðurrif hússins og förgun byggingarefnis getur líklega orðið um 2-4 m.kr. fyrir Hveragerðisbæ. Mögulega gæti bærinn fengið um 9-10 m.kr. í byggingargjöld ef byggt verður parhús á lóðinni. Þá verður fyrirséð tap bæjarins af þessum samningi 12-13 m.kr!

Fulltrúi Okkar Hveragerðis í bæjarráði greiddi atkvæði gegn þessum samningi en hann var samþykktur af meirihluta Sjálfstæðisflokksins. Ekki er ljóst hvers vegna Sjálfstæðismenn töldu mikilvægt að kaupa þetta ónýta hús með svo miklu tapi sem raun ber vitni, tekjutapi sem bitnar á sjóðum sem íbúar Hveragerðis eiga. Ef tilgangurinn hefur verið að kaupa hús í lélegu ásigkomulagi til að rýma fyrir nýju húsi þá er það einfaldlega ekki hlutverk sveitarfélags að standa í slíkum gjörningum. Eigendur fasteigna bera ábyrgð á sínum eignum og það er ekki hlutverk hins opinbera, í þessu tilfelli Hveragerðisbæjar, að leysa einstaka eigendur undan skyldum sínum á þennan hátt. Fjármagn Hveragerðisbæjar á að nota í þjónustu við íbúa Hveragerðis.

Njörður Sigurðsson og
Þórunn Pétursdóttir,
bæjarfulltrúar
Okkar Hveragerðis

Algjörlega raunhæft markmið að stofna sinfóníska hljómsveit á Suðurlandi

Sinfóníuhljómsveit Suðurlands hélt sína fyrstu tónleika í síðustu viku eins og fram kom í síðustu Dagskrá. Tónleikarnir voru á þremur stöðum og tónleikagestirnir voru yngstu nemendur Grunnskólans í Þorlákshöfn, Grunnskólans í Hveragerði, Bláskógaskóla, Flúðaskóla og Þjórsárskóla. „Ég er einstaklega ánægður með hvernig til tókst," segir Guðmundur Óli Gunnarsson hljómsveitarstjóri og stofnandi hljómsveitarinnar. „Og ég held að með þessum tónleikum höfum við sýnt fram á að stofnun sinfónískrar hljómsveitar á Suðurlandi var algjörlega raunhæft markmið. Þetta var hægt fyrir norðan og það er ekkert því til fyrirstöðu að hægt sé að gera slíkt hið sama á Suðurlandinu," bætir Guðmundur Óli við, en hann starfaði að uppbyggingu Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands og var aðalstjórnandi hennar í 23 ár.

Guðmundur Óli Gunnarsson.

Básúna sem breytist í mótorhjól og hneggjandi trompet

Það var ekki tilviljun að skólatónleikar urðu fyrir valinu sem fyrsta verkefni hinnar nýju hljómsveitar? „Nei, það var ekki tilviljun," segir Guðmundur Óli. „Sinfóníuhljómsveit Suðurlands á að vera fyrir samfélagið á Suðurlandi og besta leiðin til að sýna það er að byrja á því að spila fyrir börnin og helst hefðum við viljað spila fyrir börn úr öllum skólum Suðurlands á þessu hausti en það verður síðar." Fyrstu áheyrendur Sinfóníuhljómsveitar Suðurlands kunnu sannarlega að meta tónleikadagskrána. Einkennislag James Bond kvikmyndanna kveikti á fjörugri stemningu og kynning á hljóðfærum hljómsveitarinnar vakti líka mikla gleði, sérstaklega básúnan sem breyttist fyrst í mótorhjól og síðan í flugvél. Aðalverk tónleikanna var tónverkið Lykillinn eftir þá Tryggva M. Baldvinsson og Sveinbjörn I. Baldvinsson. Þar segir frá Benna og hundinum Smala sem lenda í ýmsum ævintýrum þar sem m.a. hið hræðilega naut Geirmundur lætur til sín taka. Börnin voru búin að lesa söguna með kennurum sínum áður en þau komu á tónleikana og áttu auðvelt með að fylgja sögumanninum Oddi Júlíussyni leikara. Þau voru einnig búin að æfa *Á Sprengisandi*, öll þrjú erindin og í lok tónleikanna sungu þau af hjartans list með hljómsveitinni.

Frábærar viðtökur – stjórnandinn í skýjunum

„Þetta var rosalegt, ég hélt að nautið væri að koma," sagði einn tónleikagestanna um leið og hann labbaði út úr tónleikasalnum í Félagsheimilinu á Flúðum og skólafélagarnir tóku undir. „Þetta var rosalegt og skemmtilegt og fyndið; tónleikarnir höfðu greinilega kallað fram margvíslegar tilfinningar og tónleikar heppnast ekki betur en það," að sögn Guðmundar Óla. Viðbrögð annarra við þeirri frétt Dagsrkárinnar að búið sé að stofna Sinfóníuhljómsveit á Suðurlandi voru mikil og góð. „Miklu meiri en ég átti von á," segir Guðmundur Óli og bætir við „sem er afskaplega gleðilegt og nú höldum við ótrauð áfram því hér býr og starfar mikill mannauður sem á að fá tækifæri til að nýta hæfileika sína, sjálfum sér og öllum Sunnlendingum til yndis og ánægju."

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
2565 Miðvikudagur 23. september 2020

Birkifræsöfnun til endurheimtar birkiskóga og kolefnisbindingar ýtt úr vör

Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, og Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, hleyptu af stað söfnun á birkifræi á Bessastöðum á degi íslenskrar náttúru. Söfnunin er liður í átaki Skógræktarinnar og Landgræðslunnar til að auka útbreiðslu birkiskóga en talið er að þeir hafi þakið a.m.k. fjórðung landsins við landnám. Prentmet Oddi, sem er eigandi Dagskrárinnar, tekur meðal annarra fyrirtækja og félagasamtaka þátt í verkefninu en umbúðirnar utan um birkifræin eru hannaðar og prentaðar hjá fyrirtækinu.

Margþættur ávinningur af endurheimt birkiskóganna

Markmið átaksins er að endurheimta birkiskóglendi og vistkerfi þess en með því næst margþættur ávinningur. Á rýru landi er gjarnan losun kolefnis því þar er gamall jarðvegur enn að rotna. Þegar landið klæðist birkiskógi stöðvast þessi losun og kolefnisbinding hefst í staðinn. Svona verkefni eru því líka loftslagsverkefni. Birkið er frumherjategund sem sáir sér mikið út á eigin spýtur ef hún fær til þess frið. Birkið heldur því starfinu áfram ef vel tekst til að koma því af stað á nýjum svæðum.

Skógræktinni áfram um að auka vitund og áhuga fólks á eflingu náttúrunnar

„Birkifræinu sem safnað verður saman í þessari söfnun verður dreift á uppgræðslusvæði víða um land. Reynt er að hafa það þannig að þeim fræjum sem dreift er á hverjum stað séu úr nágrenninu eða af sama landssvæði," segir Hreinn Óskarsson, sviðsstjóri þjóðskógasviðs hjá Skógræktinni í samtali við blaðið. Við spyrjum Hrein því næst hvar best sé að safna svona fræjum. „Það eru allir skógar Skógræktarinnar opnir, þá er umögulega góð tré í görðum fólks eða í landi

skógræktarfélaga. Fólk ætti að hafa það í huga að þetta er hin besta útivist og fjölskyldan getur sameinast í þessu verkefni".

Nokkuð viðamiklir birkiskógar orðið til með þessum hætti

Þessi tegund af fræsöfnun og sáningum er ekki ný af nálinni og hefur verið stunduð lengi. Hreinn fræðir okkur um að í hverjum einasta rekli, eða köngli geti verið um eða yfir eitthundrað fræ. Birkifræin séu þeim eiginleikum búin að geta geymst í 3-4 ár í jarðveginum og farið af stað þegar vel árar og komið sér á legg. „Skógræktin og Landgræðslan hafa gert þetta áratugum saman. Mörg af þessum svæðum sem byrjað var að sá í á fyrri hluta 20. aldar eru þessir skógar sem við erum að ferðast um í dag. Sem dæmi er uppi í Haukadal stór reitur sem sáð var um 1940 með bæjarstaðabirki, á Rangárvöllum er Gunnlaugsskógur og Stóri-Klofi í Landsveit og allt orðnir nokkuð stórir skógar þar sem var farið með fræ og dreift. Þetta verkefni getur því haft umtalsverð áhrif í framtíðinni, bæði með myndun skóga til útivistar, en líka með því að binda kolefni. Á einum hektara af svona sjálfsáðum birkiskógi má áætla að hann bindi á hverju ári því sem nemur kolefnisspori af einum smábíl," segir Hreinn að lokum. Allar nánari upplýsingar um verkefnið má finna á birkiskogur.is. Þá eru upplýsingar um söfnunarstaði og frækassa jafnframt á síðunni.

-gpp

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

Fæst hjá
BYKO Selfossi

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaviðgerðir - Almennar raflagnir

VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

BÓNFEÐGAR
Gagnheiði 51- Selfossi
Símar 482 2327 - 848 2327
- Sækjum og skilum -

Hjólbarðaþjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151
HM
Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

Jiiibbiii
Siggaferðir
- Flutningaþjónusta -
Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur
Sími 772 6010

Rétting og málun
Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
Breiðumýri 1, Selfossi
☎ 480 8020

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bílverk BÁ
- þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

FYLGD
Útfararþjónusta

Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson
Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

Lagnaþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími
25 ára

NÝTT
Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is